

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi. uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Dalvík nr. 157 17. júlí 1950.

1. gr.

VIII. kafli orðist þannig:
Um gjöld til hafnarinnar.

24. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Kaflar IX, X, XI, XII og XIII falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að XIV. kafli verði IX. kafli og greinar 40—46 verði 25—32.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla niður reglugerð nr. 59 26. mars 1965, reglugerð nr. 244 3. des. 1971 og reglugerð nr. 281 13. okt. 1972, allar um breytingu á reglugerð nr. 157 17. júlí 1950.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Dalvíkur.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Dalvíkurhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjald.